

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um áttundu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.

Með heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 (áður 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008), tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 14. ágúst 2009 var tilgreint að fjármögnun Nýja Kaupþings banka hf. og útgáfa fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. skyldi lokið eigi síðar en þann 28. ágúst 2009.

Í bréfi til Fjármálaeftirlitsins frá fjármálaráðuneytinu og Kaupþingi banka hf., dags. 28. ágúst 2009, óska samningsaðilar eftir frekari fresti til að unnt sé að bera endanlega útgáfu fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. undir hlutaðeigandi aðila.

Í ljósi framangreinds ákveður Fjármálaeftirlitið að breyta 2. ml. 12. tl. fyrri ákvörðunar eftirlitsins þann 21. október 2008, sbr. ákvarðanir eftirlitsins í þessu máli, dags. 15. júní 2009, 18. júlí 2009 og 14. ágúst 2009.


ÁKVÖRÐUN:

Fjármögnun Nýja Kaupþings banka hf. og útgáfa fjármálagernings um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. skal lokið eigi síðar en þann 2. september 2009.


Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

28. ágúst 2009.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Gunnar P. Andersen
Forstjóri